



## Ákvörðun Á-12/2024

### Um endurgjald til handa Íslandspósti ohf. vegna alþjónustu í póstþjónustu árið 2024

#### 1. INNGANGUR

(1) Sumarið 2021 var samþykkt á Alþingi frumvarp samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til laga um breytingar á lögum nr. 98/2019 um póstþjónustu (lög um póstþjónustu) og lögum nr. 106/1999 um Byggðastofnun (flutningur póstmála). Frumvarpið tók nokkrum breytingum í meðförum þingsins en var birt sem lög nr. 76/2021 þann 25. júní 2021. Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu var markmið þess að mæla fyrir um þær lagabreytingar sem nauðsynlegar voru til að færa stjórnslu og eftirlit með póstþjónustu frá Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) til Byggðastofnunar, í samvinnu við báðar stofnanir.<sup>1</sup>

(2) Aðgengi að þjónustu er á meðal mikilvægustu forsendna byggðar um allt land. Í þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022–2036 er því meginmarkmiði lýst að í öllum landshlutum verði blómlegar byggðir og öflugir byggðakjarnar þar sem stuðlað verði að bættum lífskjörum landsmanna og búsetufrelsi með sem jöfnustu aðgengi að grunnþjónustu, húsnæði og fjölbreyttum atvinnutækifærum.<sup>2</sup> Aðgengi að viðeigandi póstþjónustu er á meðal mikilvægustu þjónustupátta og

---

<sup>1</sup> <https://www.althingi.is/altext/151/s/1807.html>

<sup>2</sup> <https://www.althingi.is/altext/152/s/1383.html>

mætti jafnvel flokka sem grunnþjónustu. Veiting pósthjónustu er því ekki síst byggðamál sem verður að nálgast út frá hagsmunum þeirra sem þjónustunnar njóta og ekki síst hinna dreifðu byggða.

(3) Samkvæmt lögum um pósthjónusta er alþjónusta í pósthjónustu skilgreind sem þjónusta sem allir notendur pósthjónustu á Íslandi eiga rétt á, sem uppfyllir gæðakröfur og er á viðráðanlegu verði. Samsvarandi þjónusta skal standa til boða notendum sem búa við sambærilegar aðstæður. Alþjónusta skal á hverjum tíma taka mið af tækni- og samfélagsþróun, hagrænum þáttum og þörfum notenda.

(4) Ráðherra getur samið við póstrekendur, einn eða fleiri, um að sinna alþjónustu. Jafnframt er heimilt að tilnefna alþjónustuveitanda eða bjóða verkið út. Með ákvörðun PFS nr. 13/02020 var Íslandspóstur ohf. (hér eftir ÍSP), útnefndur alþjónustuveitandi til 10 ára. Samkvæmt 12. gr. laga um pósthjónustu er póstrekkandi sem er útnefndur, sbr. 11. gr. heimilt að sækja um til Byggðastofnunar að honum verði með fjárframlögum tryggt sanngjarnt endurgjald fyrir þá starfsemi sem um ræðir, telji hann að alþjónusta sem honum er skylt að veita hafi í för með sér hreinan kostnað.

(5) Framlagið er þannig endurgjald fyrir þjónustu sem íslenska ríkinu ber að tryggja að sé veitt þegnum sínum samkvæmt lögum og alþjóðasamningum. Tryggja ber þjónustu sem allir notendur pósthjónustu á Íslandi eiga rétt á, sem uppfyllir alþjóðlegar gæðakröfur og er á viðráðanlegu verði.

(6) Að óbreyttum lögum um pósthjónustu má gera ráð fyrir að íslenska ríkið komi til með að þurfa að greiða alþjónustuveitanda vegna veitingar alþjónustu í pósthjónustu á næstu árum þar sem ekki verður talið að henni yrði sinnt á markaðslegum forsendum um allt land. Byggðastofnun ber samkvæmt lögum um pósthjónustu að taka á móti og fjalla um umsóknir alþjónustuveitanda um sanngjarnt endurgjald vegna kostnaðar sem alþjónustuveitandi telur skyldu til þess að veita alþjónustu hafi í för með sér.

(7) Það fyrirkomulag hefur verið við lýði á undanförunum árum að alþjónustuveitandinn, ÍSP, sækir um endurgreiðslu vegna alþjónustu fyrir árið sem er nýliðið, seint í janúar og hefur Byggðastofnun haft nokkra daga til að ákveða hvað er sanngjarnt endurgjald vegna kostnaðar sem hefur fallið til á árinu á undan. Ljóst er að sá tími er knappur og til þess fallinn að auka líkur á að mistök séu gerð auk þess sem fyrirkomulagið hefur haft í för með sér aukinn fjármagnskostnað fyrir ÍSP þar sem endurgjaldið greiðist löngu eftir að þjónustan var veitt og kostnaður féll til.

(8) Byggðastofnun hefur unnið að breytingum á þessu fyrirkomulagi í samvinnu við alþjónustuveitanda og ráðuneyti innviða, með hliðsjón af 2. ml. 3. mgr. 22. gr. reglugerðar nr. 400/2020 um alþjónustu og framkvæmd pósthjónustu<sup>3</sup>, en þar segir:

---

<sup>3</sup> <https://island.is/reglugerdir/nr/0400-2020>

„Póst- og fjarskiptastofnun (nú Byggðastofnun) er heimilt að ákveða greiðslutilhögun sanngjarns endurgjalds.“

(9) Í samræmi við verklag sem mótað var í ákvörðun Byggðastofnunar nr. Á-3/2023<sup>4</sup> (kafli 2.11.2.) hefur ÍSP sent Byggðastofnun umsókn um endurgjald vegna hreins kostnaðar við veitingu alþjónustu árið 2024. Umsóknin byggir á rauntölum úr rekstri fyrstu 9 mánaða ársins 2024 auk áætlunar vegna síðasta ársfjórðungs ársins.

(10) Byggðastofnun mun, á grundvelli þessara gagna, taka ákvörðun um endurgjald til handa ÍSP vegna veittrar alþjónustu yfirstandandi árs með fyrirvara um endanlegt uppgjör sem liggja mun fyrir og fara fram í lok janúar 2025 á grundvelli rauntalna úr rekstri ársins 2024.

(11) Samtímis (í lok janúar 2025) mun ÍSP senda Byggðastofnun umsókn um endurgjald vegna alþjónustu þess árs sem byggja mun á áætlun félagsins um rekstur ársins. Byggðastofnun mun taka ákvörðun um framlag þess árs byggja á áætluninni og kveða á um reglulegar greiðslur fyrir þá byrði sem gert er ráð fyrir í áætlun. Áætlunina og greiðslur samkvæmt henni skal endurmeta í kjölfar sex mánaða uppgjors ÍSP og aftur að loknu 9 mánaða uppgjóri.

(12) Rauntölur ársins eru svo metnar þegar þær liggja fyrir og endanlegt uppgjör fer fram í lok janúar 2025.

## 2. LAGAGRUNDVÖLLUR

(13) Lagaumhverfi um póstpjónustu á Íslandi byggir á innleiðingu tilskipana Evrópusambandsins um póstmál í íslenskan rétt. Póstsendingar manna á milli eiga sér langa sögu og alþjóðleg samvinna gríðarlega mikilvæg á þessu sviði eins og gefur að skilja. Með lögum um póstpjónustu, nr. 142/1996 var pósttilskipun Evrópusambandsins 97/67/EB (pósttilskipunin) innleidd í íslenskan rétt og öllum þegnum þar með tryggð grunnþjónusta.

(14) Árið 1998 var dregið úr einkarétti ríkisins og hann bundinn við 250g bréfasendingar. Í lögum um póstpjónustu, nr. 19/2002, var miðað við að bréf undir 50g væru háð einkarétti, sbr. tilskipun 2002/39/EB (önnur pósttilskipunin). Með nógildandi lögum um póstpjónustu nr. 98/2019 var stigið lokaskrefið í afnámi einkaréttar í póstpjónustu hér á landi en það byggist m.a. á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/6/EB um frekari breytingar á pósttilskipun 97/67/EB (hér eftir nefnd þriðja pósttilskipunin).

---

<sup>4</sup> <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Postmal/Akvardanir/2023/akvordun-a3-2023-althjonustuframlag-2022.pdf>

(15) Eitt meginmarkmið pósthöggjafar Evrópusambandsins er að skilgreina jafnan aðgang notenda að svonefndri alþjónustu, þ.e. grunnþjónustu á sviði pósthjónustu (e. *Universal postal service*). Alþjónusta hefur verið tryggð hér á landi þar sem pósthilskipunin og önnur pósthilskipunin hafa verið teknar inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Með lögum um pósthjónustu, sem tóku gildi 1. janúar 2020, var þriðja pósthilskipun ESB innleidd hér á landi og var Ísland þar með síðasta ríki EES til þess að afnema einkarétt í pósthjónustu.

(16) Með lögum um pósthjónustu var jafnframt kveðið á um inntak alþjónustu í pósthjónustu en hún hefur verið skilgreind sem lágmarksþjónusta sem allir íbúar landsins eiga rétt á, óháð staðsetningu. Með þriðju pósthilskipun Evrópusambandsins voru ekki gerðar grundvallarbreytingar á skilgreiningu alþjónustu en hins vegar var aðildarríkjunum gefið ákveðið svigrúm til að útfæra alþjónustuskýldur með hliðsjón af aðstæðum í hverju landi fyrir sig þrátt fyrir að vera bundin við ákveðin grunnsjónarmið.

(17) Á vettvangi Evrópusambandsins er nú unnið að uppfærslu pósthilskipunarinnar og er reiknað með að verkinu ljúki 2025-2026. Helstu breytingar verða þær að svigrúm einstakra aðildarríkja til að bregðast við breyttum markaðsaðstæðum verður aukið og áhersla verður á umhverfisþætti og stafræna þróun.

(18) Íslenska ríkinu ber að stuðla að hagkvæmri, virkri og áreiðanlegri pósthjónustu um land allt og til og frá landinu, meðal annars með því að tryggja notendum aðgang að alþjónustu eins og hún er skilgreind á hverjum tíma, sbr. 1. gr. laga um pósthjónustu. Um alþjónustu og inntak hennar, hvernig hún skuli skilgreind og veitt og hvernig skuli fara með kostnað við alþjónustu ef hún er ekki leyst af hendi á markaðslegum forsendum er fjallað um í III. kafla laganna. Með ákvörðun PFS nr. 13/2020 var Íslandspóstur ohf. (ÍSP) útnefndur alþjónustuveitandi í pósthjónustu á Íslandi með vísan til 11. gr. laga um pósthjónustu.<sup>5</sup>

(19) Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga um pósthjónustu getur alþjónustuveitandi, ef hann er útnefndur skv. 11. gr. til þess að veita þjónustuna, sótt um það til Bygðastofnunar að honum sé tryggt sanngjarnt endurgjald fyrir þá starfsemi, telji hann að alþjónusta sem honum er skylt að veita hafi í för með sér hreinan kostnað. Jafnframt þarf umsækjandi að sýna fram á að reiknað tap, ef eitthvert er, hafi í för með sér ósanngjarna byrði á fjárhag hans sem alþjónustuveitanda. Útreikningar skulu taka mið af fyrirmælum í nefndri 12. gr. og viðauka II í lögunum.

(20) Eins og áður var rakið þá tók Bygðastofnun við eftirlitshlutverki PFS á sviði póstmála þann 1. júlí 2021, sbr. lög nr. 76/2021 og mun því eðlilega taka mið af fyrri framkvæmd og lagatúlkun við ákvörðun sína varðandi endurgjald til ÍSP vegna alþjónustu 2023. Sjónarmið sem fram koma í ákvörðunum PFS

---

<sup>5</sup>

[https://www.byggdastofnun.is/static/files/Postmal/Akvardanir/2020/akv\\_pfs\\_nr\\_13\\_2020\\_utnefning\\_islandsposts\\_ohf\\_sem\\_althj\\_onustuveitanda-copy-1-.pdf](https://www.byggdastofnun.is/static/files/Postmal/Akvardanir/2020/akv_pfs_nr_13_2020_utnefning_islandsposts_ohf_sem_althj_onustuveitanda-copy-1-.pdf)

nr. 13/2020, nr. 1/2021 og nr. 10/2021 liggja þannig einnig til grundvallar þessari ákvörðun um endurgjald til ÍSP sem alþjónustuveitanda vegna veittrar alþjónustu fyrir árið 2023. Ákvarðanirnar eru birtar á heimasíðu Byggðastofnunar.<sup>6</sup>

(21) Ákvæði laga og reglugerða um póstpjónustu og framkvæmd þeirra sem birtist í þessum ákvörðunum skapa einnig væntingar hjá útnefndum alþjónustuveitanda sem réttmætt og sanngjarnt er að Byggðastofnun taki tillit til við sína vinnu við ákvörðun endurgjalds vegna alþjónustu.

(22) Í ákvörðun þessari verður fyrst fjallað um umsókn ÍSP og síðan niðurstöður Byggðastofnunar varðandi hana auk samantektar.

### 3. UMSÓKN ÍSLANDSPÓSTS OHF.

#### 3.1 ALMENNT – SKIPTING LANDSINS Í VIRK OG ÓVIRK MARKAÐSSVÆÐI

(23) Með tölvuskeyti dagsettu 15. nóvember 2024, sendi ÍSP umsókn um endurgjald vegna alþjónustu 2024 til Byggðastofnunar, ásamt útreikningum félagsins á hreinum kostnaði í samræmi við ákvörðun PFS nr. 13/2020 og 1. mgr. 12. gr. laga um póstpjónustu, sbr. viðauka II við sömu lög. Umsóknin er byggð á níu mánaða uppgjöri félagsins ásamt rekstraráætlun fyrir næstu þrjá mánuði.

(24) Rökstyður félagið umsókn sína m.a. með eftirfarandi hætti í greinargerð:<sup>7</sup>

##### 1. Inngangur

*Með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 13/2020, var Íslandspóstur ohf. (hér eftir ÍSP) útnefndur sem alþjónustuveitandi á sviði póstpjónustu um land allt. Í ákvörðun stofnunarinnar er komist að þeirri niðurstöðu að ekkert fyrirtæki myndi veita þjónustu á tilteknum svæðum eða veita annarskonar þjónustu en skylt er samkvæmt lögum um póstpjónustu nr. 98/2019.*

*Til að afmarka þessi svæði var landinu skipt upp í virk- og óvirk markaðssvæði og við þá afmörkun var stuðst við póstrúmerakerfi ÍSP, sem þróað hefur verið á undanförunum árum og Byggðastofnun hefur nú forræði yfir.*

*Í ákvörðun stofnunarinnar eru einnig afmarkaðar þær meginreglur sem ÍSP bera að fara eftir við útreikninga á hreinum kostnaði vegna alþjónustu, sbr. 12. gr. laga um póstpjónustu nr. 98/2019, sbr. einnig viðauki II með þeim sömu lögum.*

---

<sup>6</sup> <https://www.byggdastofnun.is/is/postthjonusta/akvardanir-og-urskurdir-um-post/akvardanir>

<sup>7</sup> Þegar vísað er til útnefningar ÍSP sem alþjónustuveitanda er verið að vísa til ákvörðunar PFS nr. 13/2020, sbr. ákvörðun Byggðastofnunar nr. Á-14/2023

Með lögum nr. 76/2021 um breytingu á lögum um pósthjónustu og lögum um Byggðastofnun var eftirlit með pósthjónustu flutt frá Póst- og fjarskiptastofnun yfir til Byggðastofnunar.

Þeir útreikningar sem hér eru lagðir fram eru í samræmi við þessi ákvæði, sem og ákvörðun PFS nr. 13/2020, að teknu tilliti til þeirra leiðbeininga sem fram hafa komið í ákvörðun PFS nr. 1/2021 og ákvörðunum Byggðastofnunar nr. Á-1/2022, Á-3/2023 og Á-1/2024 þar sem stofnanirnar hafa með réttarskýrandi hætti fjallað um einstök atriði útreikninga ÍSP, ásamt því að kveðið er á um tiltekin tímamörk um hvenær ÍSP skal skila umsókn um endurgjald til eftirlitsaðila.

Útreikningarnir sýna þann hreina kostnað sem fyrirtækið verður fyrir vegna þeirra kvaða sem hvíla á fyrirtækinu, sbr. 12. gr. laga um pósthjónustu nr. 98/2019. Í útnefningu ÍSP, sbr. ákvörðun PFS nr. 13/2020, segir t.d.:

(59) Alþjónusta felur þannig í sér, að frelsi alþjónustuveitanda til að taka ákvarðanir eingöngu á viðskiptalegum grunni er skert. Dæmi um þetta er t.d. skylda til að dreifa alls staðar á landinu, að sama gjaldskrá skuli gilda alls staðar á landinu og að skylda viðkomandi fyrirtæki til að bjóða upp á tilteknar tegundir af þjónustu. Allar þessar skyldur geta síðan valdið kostnaði sem rétt er og eðlilegt er að ríkið beri ef talið verður að hann fari yfir ákveðin mörk, þ.e. sé ósanngjörn byrði á viðkomandi fyrirtæki.

**Í samræmi við þessa umfjöllun má líta á umsókn félagsins, sem endurgjald ríkisins fyrir þjónustu sem ÍSP er gert skylt að veita á grundvelli opinberrar ákvörðunar. Um leið er endurgjaldið ákveðið uppgjör á kostnaði sem ekki er mögulegt að innheimta í gegnum gjaldskrár félagsins, sbr. 3. mgr. 17. gr. laga um pósthjónustu nr. 98/2019.**

(25) Til skýringar tekur ÍSP eftirfarandi fram um það hvernig útreikningar fyrirtækisins í umsókninni eru settir fram:

#### UM VERKLAG VIÐ ÚTREIKNINGA

Í útnefningu ÍSP, sem alþjónustuveitanda, sbr. ákvörðun PFS nr. 13/2020, er m.a. vikið að reglum um útreikninga á kostnaði vegna alþjónustu, sbr. t.d. kafli 3.

Í ákvörðun PFS nr. 1/2021, „um framlag til handa Íslandspósti ohf. vegna alþjónustu á árinu 2020“ er vikið að nauðsyn þess að koma á ákveðnu verklagi við uppgjör á hreinum kostnaði, sbr. málsgrein 185 í ákvörðun stofnunarinnar.

Verklagið var síðan uppfært af BST með ákvörðun nr. Á-1/2022, sbr. kafli nr. 5.13.2.

Í samræmi við fyrirliggjandi verklag er BST nú send drög að uppgjöri fyrir endurgjald vegna alþjónustu sem byggir á raunkostnaði félagsins fyrstu 9 mánuði ársins 2024 og áætluðum kostnaði síðustu þrjá mánuði ársins, ásamt viðeigandi rökstuðningi.

Útreikningarnir eru gerðir með fyrirvara um mögulegar villur. ÍSP áskilur sér jafnframt rétt til að koma með frekari rökstuðning fyrir einstökum útreikningum eða sjónarmiðum sem umsóknin byggir á í hinni endanlegu umsókn, sem verður skilað inn til Byggðastofnunar snemma á næsta ári.

## **2. Skipting landsins í virk og óvirk markaðssvæði**

(26) Um þetta segir eftirfarandi í umsókn ÍSP:

Í útnefningu ÍSP, sem alþjónustuveitanda er landinu skipt upp í virk og óvirk markaðssvæði. Í málgreinum 79-83 er komist svo að orði:

(79) Jafnframt verður að ætla að fyrirtækið myndi leita annarra lausna við afhendingu og dreifingu póstsendinga, en útburð á hvert heimili, á mörgum af þeim stöðum sem taldir eru upp sem óvirk markaðssvæði. Í því sambandi má t.d. benda á uppsetningu miðlægra afhendingarstaða, þar sem móttakendur myndu nálgast sínar sendingar sjálfir.

(80) Með breytingunni á viðmiðun úr 500 upp í 750 heimili/fyrirtæki er þannig leitast við að koma til móts við sjónarmið ÍSP um aukinn kostnað fyrirtækisins vegna landfræðilegra aðstæðna og um leið sett nýtt „gólf“ varðandi hvar ætla megi að fyrirtækið myndi veita fulla þjónusta, án sérstakrar kvaðar þar að lútandi. Þetta þýðir m.a. að staðir eins og t.d. Neskaupstaður, færast yfir í að vera talin óvirk markaðssvæði.

(83) Jafnframt ber að líta til þess að það er kostnaðargreiningin sjálf sem kveður endanlega úr um hvort hreinn kostnaður sé til staðar við útburð í tilteknu póstnúmeri, sem rétt sé að greiða fyrir af hálfu ríkisins. Með því má segja að í skiptingunni sé innbyggður ákveðinn sveigjanleiki sem getur leiðrétt frávik sem kunna að koma upp.

Í viðauka II með ákvörðun stofnunarinnar voru listuð upp þau póstnúmer sem teljast til óvirkra markaðssvæða.

Með ákvörðun BST nr. Á-14/2023 voru gerðar breytingar á útnefningu ÍSP sem alþjónustuveitanda.

Meginbreytingin var að skylda innan alþjónustu að því er varðaði dreifingu á pökkum innanlands undir 10 kg. var felld niður úr útnefningunni, nema á svæði 4. Í viðauka II sem birtur er með ákvörðuninni eru listuð upp þau póstnúmer sem falla nú undir útnefningu, að því er varðar dreifingu á pökkum innanlands.

Útreikningar félagsins vegna hreins kostnaðar við dreifingu pakka á þessu svæði taka mið af þessum pósthúnum, að teknu tilliti til þess sem fram kemur í málsgrein 83, í ákvörðun PFS nr. 13/2020, sem vísað er til hér að ofan.

Engin breyting var gerð á landfræðilegri útnefningu ÍSP, að því er varðar dreifingu á bréfum innanlands. Breyting var hins vegar gerð á skiptinu landsins í virkt og óvirkt markaðssvæði. Í viðauka 1, sem fylgdi með ákvörðunin er sýnt skipting á milli virkra og óvirkra markaðssvæða eftir pósthúnum.

Eftir þessar breytingar er skiptingin að því er varðar bréfadreifingu ÍSP, innan alþjónustu, eftirfarandi:

	Heimili	Vinnustaður	Samtals	Hlutfall
Virk	87,633	10,353	97,986	63.6%
Óvirk	48,051	7,939	55,990	36.4%
	<b>135,684</b>	<b>18,292</b>	<b>153,976</b>	<b>100%</b>

Útreikningar ÍSP byggja á skiptingu landsins í virk og óvirk svæði, eins og hún var skilgreind í ákvörðun BST nr. Á -14/2023.

Með skiptingu í virk og óvirk svæði er einnig búið að ákvarða hvernig ÍSP myndi haga uppbyggingu fyrirtækisins án alþjónustuskyldu. Um leið er búið að uppfylla eftirfarandi viðmið og leiðbeiningar sem gefnar eru í viðauka II, í lögum um pósthjónustu nr. 98/2023, um hvernig beri að reikna út hreinan kostnað alþjónustuveitanda, sbr. m.a. eftirfarandi tilvitnanir:

Í 4. mgr.

Vandlega skal hugað að því að meta rétt kostnað sem alþjónustuveitandi hefði kosið að komast hjá hefði ekki verið um neinar alþjónustuskyldur að ræða.

Í 5. mgr.

Útreikningur grundvallast á kostnaði sem hægt er að heimfæra á:

...

ii. Tiltekna notendur eða hópa notenda sem aðeins er hægt að þjóna með tapi eða meiri kostnaði en eðlilegt getur talist í viðskiptum,

Í 6. mgr.



Undir þennan flokk falla notendur og hópar notenda sem fengju enga þjónustu hjá póstrekanda sem starfaði á viðskiptagrundvelli og væri ekki skylt að veita þjónustu.

Útreikningar félagsins taka mið af tilvitnuðum sjónarmiðum með því að tilgreina einungis kostnað fyrirtækisins við þjónustu á óvirkum svæðum, að frádregnum þeim tekjum fyrirtækisins sem eiga uppruna að rekja til viðkomandi óvirkra svæða.

Útreikningar félagsins taka mið af eftirfarandi meginreglum í samræmi við 12. gr., sbr. viðauka II í lögum um pósthjónustu nr. 98/2019, sbr. ákvarðanir PFS nr. 13/2020 og nr. 1/2021 og ákvarðanir BST nr. Á-1/2022, Á-3/2023, 14/2023 og Á-1/2024.

Um leið taka útreikningar félagsins mið af því samandregna yfirliti sem lýst er með eftirfarandi hætti í útnefningu félagsins sem alþjónustuveitandi, þar sem óvirk markaðssvæði, samsvara sviðsmyndinni

„+ Tekjur mínus kostnaður án alþjónustuskyldu (e. Counterfactual scenario)“ sbr. kafli 3.3.6. í ákvörðun PFS nr. 13/2020 um útnefningu ÍSP sem alþjónustuveitanda.

### 3.3.6 Um hreinan kostnað

(176) Samandregið yfirlit yfir mat á hreinum kostnaði viðkomandi alþjónustu á því að setja fram með eftirfarandi hætti:

- Tekjur mínus kostnaður með alþjónustuskyldu (e. Actual scenario)
- + Tekjur mínus kostnaður án alþjónustuskyldu (e. Counterfactual scenario)
- + Óefnislegur markaðsávinningur
- + Hagræðingarkrafa (lækkun kostnaðar)
- = **Hreinn kostnaður**

(177) Mat á því hvort hreinn kostnaður teljist ósanngjörn byrði fer síðan fram sjálfstætt eftir að hreinn kostnaður hefur verið fundinn út.

Útdeiling á kostnaði félagsins er lýst í fylgiskjali; „Íslandspóstur ohf., kostnaðarlíkan uppbygging og virkni, nóvember 2024“

Bókhaldslegur aðskilnaður félagsins er jafnframt tekin út af óháðum aðila, en úttektin hefur verið send Byggðastofnun jafnóðum og hún liggur fyrir.

## 3.2 UM ÚTREIKNINGA Á HREINUM KOSTNAÐI VEGNA ALÞJÓNUSTU

(27) Um útreikninga félagsins sem fylgja umsókn vísar ÍSP jafnframt í útnefningu félagsins sem alþjónustuveitanda, málsgreinar 15-17 þar sem segir m.a. um alþjónustubyrði:

Í útnefningu PFS á ÍSP sem alþjónustuveitanda er í mgr. 15-17 almenn lýsing á því við hvaða aðstæður alþjónustubyrði getur skapast, þar segir:

(15) Um alþjónustubyrði er að ræða þegar álagning alþjónustukvaða á póstrekaða um að veita tilteknum notendum póstpjónustu eða veita hana á tilteknum svæðum leiðir til taps sem ekki myndi skapast ef almenn viðskiptasjónarmið yrðu lögð til grundvallar. Mikilvægt er að hafa þessa skilgreiningu í huga þegar fjallað er um kostnað vegna alþjónustu. Skilgreiningin felur m.a. í sér að ekki er hægt að líta á allt tap sem félag verður fyrir vegna veittra þjónustu sem kostnað vegna alþjónustu. Um sjálfstætt mat er að ræða sem gert er til hliðar við kostnaðarbókhald viðkomandi alþjónustuveitanda. Ávallt þarf að meta það hvernig fyrirtæki hefði hagað sér á markaði, án þessarar tilteknu skyldu, t.d. hvort tiltekið tap sé í tengslum við alþjónustu eða hvort það er í tengslum við rekstur félagsins almennt. Það er því ekki sjálfgefið að allur bókfærður kostnaður innan alþjónustu hjá viðkomandi alþjónustuveitanda sé tilkominn vegna þeirrar skyldu sem lögð er á alþjónustuveitanda og teljist þ.a.l. til kostnaðar vegna alþjónustu og lúti þá um leið þeim reglum sem gilda um endurgreiðslu á kostnaði vegna alþjónustu.

(16) Félagið verður því líkt og önnur fyrirtæki að mæta öðru tapi, en vegna alþjónustu, með almennum hagræðingaraðgerðum, breytingum á tilhögun þjónustu þar sem það er mögulegt eða með hækkun á gjaldskrá.

(17) Jafnframt þarf að hafa í huga að aðstæður á póstmarkaði geta breyst umtalsvert og stundum á tiltölulega skömmum tíma, t.d. hefur magn á sendingum undir 50 gr. minnkað umtalsvert á undanförunum árum. Af þessum breytingum leiðir að það sem mögulega hefur talist eðlilegt vegna viðskiptasjónarmiða í fortíð er ekki endilega vísbending um að sama fyrirtæki muni haga sér með sama hætti í dag. Stöðugt endurmat getur því þurft að eiga sér stað þegar hegðun fyrirtækja á markaði er metin með tilliti til þess hvort fyrirtæki eigi rétt á því að fá bættan kostnað vegna kvaða um tiltekna þjónustu undir merkjum alþjónustu. Í útreikningum ÍSP á alþjónustubyrði ÍSP hefur verið tekið tillit til ofangreindra sjónarmiða og meginreglna um alþjónustu og kostnað vegna hans og eru útreikningar félagsins takmarkaðir við niðurstöðu opinberra aðila um svokölluð óvirk markaðssvæði, sjá viðauka I og II í útnefningu félagsins.“

(28) Útreikningar ÍSP á hreinum kostnaði vegna alþjónustu fylgja umsókninni og er tekið fram að í útreikningum ÍSP á alþjónustubyrði hafi verið tekið tillit til ofangreindra sjónarmiða og meginreglna um alþjónustu og kostnað vegna hennar og eru útreikningar félagsins takmarkaðir við niðurstöðu opinberra aðila um svokölluð óvirk markaðssvæði, sjá viðauka I og II í ákvörðun BST nr. Á- 14/2023.

(29) Jafnframt er vísað til grunnreglna sem fram komi í kafla 3.3 í ákvörðun PFS nr. 13/2020 um rétt á sanngjörnum hagnaði, um mat á óefnislegum ávinningi og markaðsávinningi, um hvata til

kostnaðarhagkvæmni og um skilgreiningu á notendum eða hópum notenda sem ekki er hægt að þjónusta á viðskiptalegum grunni.

(30) Í umsókninni er fjallað um breytingar ÍSP á kostnaðarlíkani félagsins:

*Með umsókninni fylgir lýsingarskjal á kostnaðarlíkani félagsins, þar sem tekið hefur verið tillit til þeirra breytinga sem BST kvað á um í ákvörðun nr. Á-1/2024, þar sem kveðið var á um að frá og með 1. janúar 2024 skyldi kostnaðarbókhaldi félagsins breytt á þann veg að allar vörur sem nota dreifikerfið taki á sig kostnað af dreifingu með sama hætti, sjá nánar „Íslandspóstur ohf., kostnaðarlíkan uppbygging og virkni, janúar 2024“*

*ÍSP er líkt og mörg önnur fyrirtæki í „Póstheiminum“ að þróast úr því að vera bréfadreifingarfyrirtæki með nokkra pakka í það að vera pakka-fyrirtæki með nokkur bréf. Erfitt er hins vegar að setja einhvern ákveðinn punkt um hvenær þessari umbreytingu er að fullu lokið. Sú mikla fækkun á bréfum sem orðið hefur hér á landi umfram annars staðar í heiminum hefur leitt til þess að nauðsynlegt kann að vera að farið sé í gagngera endurskoðun á stuðlum, tímamælingum og öðrum þáttum sem tengjast kostnaði ÍSP af bréfa- og pakka dreifingu og þá um leið hreina kostnaði félagsins. Útreikningar félagsins nú eru því settir fram með fyrirvara um slíka endurskoðun.*

*Rétt er geta þess að aðgerð 20 og 21 hafa verið endurskoðaðar þar sem vægi þyngdar á milli vara er ekki eins afgerandi þáttur í skiptingu kostnaðar og áður, auk þess sem atriði eins og laun og bifreiðakostnaður er nú tekinn með. Með þessum breytingum telur ÍSP að bréfin taki nú eðlilegru þátt í kostnaði við flutninga um landið sem leiða mun til réttari niðurstöðu.*

*Í kafla 6 er gert grein fyrir helstu hagræðingar aðgerðum félagsins á árinu 2024, sem endurspeglast með beinum hætti inn í kostnaðarlíkan félagsins.*

(31) Útreikningar félagsins eru brotnir upp í samræmi við fyrirmæli í 7. töl. í ákvörðunarorðum ákvörðunar PFS nr. 13/2020, þ.e.:

*Til að tryggja gagnsæi skal Íslandspóstur brjóta upp og skila útreikningum félagsins á hreinum kostnaði, með eftirfarandi hætti:*

- *Hreinn kostnaður vegna dreifingar í dreifibýli (landpóstadreifing).*
- *Hreinn kostnaður vegna dreifingar í þéttbýli, þar sem heimili/fyrirtæki eru undir 750.*
- *Hreinn kostnaður vegna blindrasendinga.*

(32) Í umsókninni er rakið að við útreikninga félagsins vegna framlags ársins 2023 var stuðst við kostnaðarlíkan þess, sbr. ákvörðun PFS nr. 13/2020 og að útreikningar félagsins byggja á líkaninu en eru

gerðir til hliðar við niðurstöðu kostnaðarlíkans félagsins, sbr. umfjöllun í málsgrein 49 í ákvörðun PFS nr. 1/2021.<sup>8</sup>

(33) Enn fremur segir að útreikningarnir byggja á niðurstöðu PFS um hvaða notendur eða notendahópar myndu ekki fá þjónustu ef engin alþjónustuskylda væri fyrir hendi, sjá t.d. umfjöllun í málsgreinum 29-32 í ákvörðun PFS nr. 1/2021. Til að einangra þessa hópa var stuðst við póstnúmer og landinu skipt upp í virk- og óvirk markaðssvæði, sbr. umfjöllun í málsgreinum 79-83, í ákvörðun PFS nr. 13/2020, sbr. ákvörðun BST nr. Á-14/2013.

(34) Í tengslum við útreikninga félagsins sem lagðir eru fram með umsókn telur ÍSP rétt að gera grein fyrir því hvernig félagið uppfyllir lagakröfur um bókhaldslega aðgreiningu. Um þetta segir í umsókn félagsins:

#### **5. Fyrirkomulag bókhalds alþjónustuveitanda**

*Í tengslum við þá útreikninga sem nú eru sendir er einnig rétt að gera grein fyrir hvernig félagið uppfyllir kröfur núgildandi laga um bókhaldslega aðgreiningu.*

*Í 19. gr. laga um póstþjónustu er kveðið á um fyrirkomulag bókhald alþjónustuveitanda, en þar segir.*

*Bókhald alþjónustuveitanda skal byggjast á hlutlægum reikningsskilareglum í samræmi við viðurkenndar aðferðir. Ársreikningar alþjónustuveitanda skulu gerðir í samræmi við lög um bókhald og lög um ársreikninga og birtir opinberlega.*

*Alþjónustuveitandi skal í bókhaldi sérgreina kostnað og tekjur fyrir sérhverja tegund þjónustu sem fellur undir alþjónustu. Bókhaldsleg aðgreining er forsenda þess að alþjónustuveitandi geti sótt um fjárframlag vegna alþjónustu sem honum er skylt að veita og hann telur ósanngjarna byrði á fjárhag sinn.*

*Rekstur alþjónustu er sérgreindur frá annarri starfsemi alþjónustuveitanda þar sem kostnaður er heimfærður á viðkomandi þjónustu. Rekstrarreikningar byggjast á sögulegum kostnaði, þ.e. á raunverulegum skráðum kostnaði og tekjum á viðkomandi reikningsári.*

*Í samræmi við ákvörðun BST-Á-1/2024 hefur kostnaðarlíkani ÍSP verið breytt á þann veg að allar vörur sem nota dreifikerfið taka á sig kostnað af dreifingu með sama hætti. Sjá nánar lýsingarskjal sem fylgir kostnaðarbókhaldi félagsins.*

---

<sup>8</sup>

[https://www.byggdastofnun.is/static/files/Postmal/Akvardanir/2021/akv\\_pfs\\_nr\\_1\\_2021\\_framlag\\_isp\\_ohf\\_vegna\\_althjonustu\\_a\\_arinu\\_2020-copy-1-.pdf](https://www.byggdastofnun.is/static/files/Postmal/Akvardanir/2021/akv_pfs_nr_1_2021_framlag_isp_ohf_vegna_althjonustu_a_arinu_2020-copy-1-.pdf)

Útreikningar byggja á kostnaðarbókhaldi félagsins, ásamt því sjálfstæðu mati sem fara skal fram samkvæmt reglum um hreinan kostnað.

### 5.1. Óháður endurskoðunaraðili

ÍSP uppfyllir 1. másl. mgr. 19. gr. m.a. með því að skila inn árlega álitsgerð óháðs endurskoðunaraðila, sbr. ákvörðun PFS nr. 18/2013. Í álitsgerðinni er staðfest að samræmi sé á milli lýsingar ÍSP á skiptingu kostnaðar og framkvæmdar á bókhaldslegum aðskilnaði ÍSP. Í álitsgerðinni kemur eftirfarandi fram:

- Niðurstöður þess aðila sem framkvæmir skoðunina.
- Yfirlit yfir öll tilvik þar sem ósamræmi er til staðar.
- Tillögur þess sem framkvæmir skoðunina um úrbætur og áhrif þeirra.
- Ítarleg lýsing á því hvernig staðið var að skoðuninni.
- Samandregnar fjárhags- eða bókhaldsupplýsingar.
- Athugun á réttmæti kostnaðarvaka við skiptingu kostnaðar.

Þau gögn sem koma til skoðunar voru eftirfarandi:

- LRAIC líkan -uppbygging og virkni – mars 2014 (með viðeigandi árlegum uppfærslum)
- LRAIC líkan -útreikningar ÍSP vegna viðkomandi árs og tilheyrandi stuðningsgögn.

Síðasta skýrsla á grundvelli ofangreinds var gerð af Deloitte, „Bókhaldslegur aðskilnaður Íslandspósts ohf., 26 apríl 2024“ Skýrslan tók til ársins 2023. Engar athugasemdir komu fram af hálfu Deloitte um framkvæmd bókhaldslegs aðskilnaðar hjá félaginu. ÍSP mun senda skýrslu óháðs aðila fyrir árið 2024, sem þessi umsókn tekur til um leið og hún liggur fyrir.

Samkvæmt 2. másl. 2. mgr. 19. gr. laga um pósthjónustu er bókhaldsleg aðgreining forsenda þess að alþjónustuveitandi geti sótt um framlag vegna alþjónustu sem honum er skylt að veita og hann telur ósanngjarna byrði á félaginu. Ekki verður því séð annað en að með þeirri skýrslu sem nú liggur fyrir varðandi bókhaldslegan aðskilnað félagsins fyrir árið 2023, sbr. ákvörðun BST nr. Á-1/2024, liggja nú fyrir endanlegt samþykki óháðs aðila á að aðgreining bókhalds félagsins á árinu 2023, sem ákvörðun BST tók til sé réttur. Verður sú skýrsla fyrsta úttektin sem gerð verður eftir að kostnaðarmódelinu var breytt.

### 5.2 Um ársreikninga og opinbera birtingu

Ríkisendurskoðandi er endurskoðandi ÍSP og ársreikningar félagsins eru birtir opinberlega, sbr. seinni másl. 1. mgr. 19. gr. laga um pósthjónustu.

### 5.3. Hvaða þætti í starfsemi er skylt að aðgreina

Samkvæmt 1. málsl. 2. mgr. 20. gr. , sbr. reglugerð nr. 313/2005, eins og hún verður skilin eftir að einkaréttur hefur verið afnuminn, skal aðgreina eftirfarandi þætti í starfsemi félagsins:

Alþjónustuveitandi skal í bókhaldi sérgreina kostnað og tekjur fyrir sérhverja tegund þjónustu sem fellur undir alþjónustu.

Í ákvörðun PFS nr. 13/2020, „útnefning Íslandspósts ohf. sem alþjónustuveitanda á sviði pósthjónustu um land allt“, eins og henni var breytt með ákvörðun BST nr. Á- 14/2023, eru réttindi og skyldur ÍSP afmarkaðar.

Samkvæmt ákvörðunum eftirlitsaðila skal ÍSP bjóða notendum á Íslandi upp á dreifingu á eftirfarandi tegundum af póstsendingum, innanlands og til og frá landinu:

Bréfum upp að 2 kg. (Letter single piece)

Magnpósti upp að 50 gr. (Bulk letters)

Pökkum upp að 10 kg. (innanlands á svæði 4)

Pökkum upp að 20 kg. (til og frá landinu)

Ábyrgðarsendingum (Registered items)

Tryggðum sendingum (Insured items)

Blindrasendingar upp að 2 kg.

Skipting tekur mið af upptalningu í 2. töl. 2. mgr. 9. gr. laga um pósthjónustu, sem og 1. málsl. 2. mgr. 19. gr. laganna þar sem fjallað er um skyldu til aðgreiningar í bókhaldi sem almenna forsendu fyrir umsóknnum alþjónustuveitanda vegna fjárframlaga fyrir alþjónustu sem honum er skylt að veita og er í umsókn ÍSP gætt að þessari lögbundnu lágmarksskiptingu á þjónustu innan alþjónustu.

Það er skoðun ÍSP að bókhald félagsins, sem og sú kostnaðarskipting sem er viðhöfð innan þess sé í samræmi við þær almennu reglur sem gilda, sbr. 2. mgr. 19. gr. laga um pósthjónustu og reglugerð um bókhaldslegan aðskilnað nr. 313/2005.

Útreikningar félagsins byggja á kostnaðarbókhaldi félagsins, ásamt því sjálfstæða mati sem fram þarf að fara samkvæmt reglum um hreinan kostnað.

(35) Í niðurlagi umsóknar ÍSP segir að í umsókn félagsins og útreikningum sé tekið mið af þessari lögbundnu lágmarksskiptingu á þjónustu innan alþjónustu sem og reglum um skiptingu kostnaðar.

### 3.3 LEIÐBEININGAR Í ÁKVÖRÐUN PFS NR. 13/2020

(36) Samkvæmt 3. mgr. A-hluta viðauka II við lög nr. 98/2019 skulu útreikningar alþjónustuveitanda m.a. fela í sér rétt til sanngjarns hagnaðar. Aðferðin við útreikningana er útfærð í útnefningu ÍSP sem alþjónustuveitanda sbr. mgr. 156 í ákvörðun PFS nr. 13/2020:

*(156) Í samræmi við það sem fram kemur í bréfi ráðuneytisins þegar PFS var falið að útnefna póstrekenda skal við mat á sanngjörnum hagnaði af bundnu fjármagni taka mið af ávöxtunarkröfu fjármagns sem reiknast sem summa áhættulausra vaxta og álags, sem leiðir af hagkvæmum rekstri póstrekanda.*

(37) Í samræmi við það hefur ÍSP reiknað ávöxtunarkröfu félagsins 4,26% þar sem miðað er við meðaltal áhættulausra vaxta 1,26% og 3% vaxtaálag.

### 3.4 UM MAT Á ÓEFNISLEGUM ÁVINNING OG MARKAÐSÁVINNINGI

(38) Um þetta atriði segir nánar í umsókn ÍSP:

*Í útnefningu ÍSP sem alþjónustuveitanda er vikið að því að félagið eigi að leggja mat á óefnislegan markaðsávinning félagsins sem mögulega felst í útnefningunni. Við útreikningana er lagt mat á vörumerki, ímynd, alnánd og æviferilsáhrif, sjá nánar ákvæði reglugerðar um alþjónustu nr. 400/2020.*

*Tvær aðferðir eru nefndar í útnefningunni:*

*Fyrri aðferðin kveður á um að við matið skuli höfð hliðsjón af framkvæmd á EES svæðinu, sem og framkvæmd hér á landi og er í því sambandi vísað til ákvarðana PFS nr. 17/2015, 25/2018 og 14/2019.*

*Í seinni aðferðinni er búið að skilgreina útreikningsaðferðina fyrirfram og að heimilt sé við útreikningana að miða við 20% af viðeigandi markaðs- og sölukostnaði viðkomandi árs.*

*ÍSP hefur reiknað markaðshag félagsins í samræmi við seinni aðferðina.*

### 3.5 UM HVATA TIL KOSTNAÐARHAGKVÆMNI

(39) Um þetta atriði kemur fram í umsókn ÍSP:

*Í ákvörðun BST nr. Á-1/2022 er vikið að þeirri skyldu sem hvílir á ÍSP að veita þjónustu með hagkvæmum hætti. Um þetta segir BST m.a. í mgr. 89-90 í ákvörðun stofnunarinnar:*

*(89) Byggðastofnun telur heldur ekki rétt að gera afturvirka hagræðingarkröfu á ÍSP. Byggðastofnun telur að hagræðing í rekstri undanfarinna ára hjá ÍSP hafi verið töluverð og sé umfram þá kröfu sem að PFS gerði á félagið í ákvörðun 1/2021. Þess í stað telur Byggðastofnun réttara að eiga samtal við stjórnendur ÍSP um hvaða leiðir séu færar til þess að hægt sé að rækja alþjónustuskýldur félagsins með enn hagkvæmari hætti en nú er gert og horft er til lengra tímabils*

en eins árs í því samhengi. Byggðastofnun leggur því áherslu á að félagið haldi áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið undanfarin ár.

(40) Á árinu 2024 nefnir ÍSP eftirfarandi aðgerðir sem félagið hefur gripið til sem tengjast hagræði af þjónustu félagsins almennt og þar með innan alþjónustu á virkum sem og óvirkum markaðssvæðum.

- Eftirfarandi afgreiðslustöðum var lokað á árinu og hin skyldubundna þjónusta í framhaldinu leyst með hagkvæmara hætti, einkum með uppsetningu Póstboxa eða póstbílaþjónustu.

350 Grundarfjörður (samstarf)

370 Búðardalur (eigin rekstur)

530 Hvammstangi (eigin rekstur)

580 Siglufjörður (eigin rekstur)

620 Dalvík (eigin rekstur)

625 Ólafsfjörður (samstarf)

735 Eskifjörður (samstarf)

740 Neskaupsstaður (eigin rekstur)

750 Fáskrúðsfjörður (samstarf)

760 Breiðdalsvík (samstarf)

- Áfram var unnið að aukinni skilvirkni kerfisins með uppsetningu Póstboxa um landið allt, en afhendingin póstsendinga í póstbox er hagkvæmasta afhendingarleið ÍSP.
- Áfram var unnið að aukinni sjálfvirkni við vinnslu sendinga í Póstmiðstöð og hraðari vinnsla sendinga með nýjum pakkaflokkara.
- Uppsagnir hafa verið í Póstmiðstöðinni vegna magnminnkunar í bréfastraumi. Greiddum stöðugildum á árinu 2024 hefur fækkað um 3% ef miðað er við árið 2023. (Sjá töflu)

Meðal greidd stöðugildi - janúar til október 2024 vs. janúar til desember 2023			
	Jan-des	Jan-okt	
Höfuðborg vs landsbyggð	2023	2024	Mism.
Höfuðborgarsvæði	297	290	-2,4%
Landsbyggð	175	168	-4,1%
	472	458	-3,0%



(41) ÍSP telur því að félagið hafi uppfyllt þær kröfur sem hvíla á félaginu um hagræðingu í rekstri og þar með um leið stuðlað með beinum hætti að lægri hreinum kostnaði sem ríkinu er skylt að greiða, sbr. lög um pósthjónustu. ÍSP telur því að ekki ætti að koma til þess að BST sjái ástæðu til að breyta þeirri skoðun sinni að ekki sé rétt að gera afturvirka hagræðingarkröfu, sbr. umfjöllun hér að framan.

(42) ÍSP tekur fram að áframhaldandi hagræðingaraðgerðir eru fyrirhugaðar á árinu 2025 með það að markmiði að draga úr umsetningu félagsins vegna minnkandi bréfmagns í dreifikerfum fyrirtækisins. Tilraunaverkefni í tengslum við afhendingu bréfa í póstbox var í gangi á Kópaskeri og er fyrirhugað í Hrafnagili, Eyjafirði. Gera má ráð fyrir að hægt sé að ná fram hagræðingu við dreifingu bréfa í gegnum þá dreifileið, einkum í minnstu þéttbýlisstöðunum þar sem innviðirnir eru þegar til staðar.

### 3.6 BLINDRASENDINGAR

(43) Ein af þeim þjónustum sem fellur undir alþjónustu er aðgangur blindra og sjónskertra að ókeypis pósthjónustu fyrir tiltekna skilgreinda þjónustu, sjá nánar í kafla 4.2 í ákvörðun Byggðastofnunar nr. Á-1/2022. Um þetta segir í umsókn ÍSP:

*„Í útnefningu ÍSP sem alþjónustuveitanda er kveðið á um að fyrirtækið skuli veita pósthjónustu fyrir blinda og sjónskerta vegna póstsendinga allt að 2 kg. og að þessi tegund póstsendinga skuli vera gjaldfrjáls, sbr. t.d. 19. gr. reglugerðar um alþjónustu nr. 400/2020. ÍSP er heimilt að krefja íslenska ríkið um þann kostnað sem fyrirtækið hefur af því að veita umrædda þjónustu. Einnig er kveðið á um að útreikninga félagsins skuli taka mið af fjölda þeirra póstsendinga sem falla undir þá reglu laganna að vera gjaldfrjálsar. Eins og fram kemur hér að ofan er ÍSP óheimilt að krefjast gjalds fyrir þær póstsendingar sem falla undir að vera blindrasendingar. Við að finna tekjumissi félagsins vegna þessa er fjöldi póstsendinga sem falla undir þennan flokk margfaldaður með einingarkostnaði almennra bréfa innanlands 51-2000 gr., en nær allar blindrasendingar falla í þennan þyngdarflokk.*

(44) Útreikningur á kröfu ÍSP vegna blindrasendinga fylgir með umsókn í sérstöku skjali og er í samræmi við venju sem mótast hefur hvað það varðar.

### 3.7 LANDPÓSTAR OG ALÞJÓNUSTA Á ÓVIRKUM MARKAÐSSVÆÐUM Í ÞÉTTBÝLI

(45) Í umsókn ÍSP er vísað til ákvörðunar PFS nr. 13/2020, sbr. ákvörðun Byggðastofnunar nr. Á-14/2023, um skiptingu landsins í virk og óvirk markaðssvæði auk nánari skýringa og útreikninga á kröfu ÍSP í tengslum við þjónustu félagsins á óvirkum markaðssvæðum. Útreikningar eru settir fram í sérstöku skjali og sýna fram á hreinan kostnað af starfsemi félagsins á þessum svæðum.

### 3.8 UM ÓSANNGJARNA BYRÐI

(46) Í umsókn ÍSP er fjallað um það hvenær hreinn kostnaður alþjónustu verður talinn byrði í skilningi 12. gr. laga um pósthjónustu, sbr. 3. og 1. mgr.

*Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga um pósthjónustu skal umsækjandi um endurgjald sýna fram að reiknað tap, ef eitthvert er, hafi í för með sér ósanngjarna byrði á fjárhag alþjónustuveitanda.*

*Um ósanngjarna byrði er að ræða þegar alþjónustukvöð á póstrekanda með almenna heimild um að veita tilteknum notendum eða notendahópum pósthjónustu eða veita hana á tilteknum svæðum leiðir til taps eða til aðstæðna sem ekki mundu skapast ef venjuleg viðskiptasjónarmið væru lögð til grundvallar. Einnig þarf tapið að hafa veruleg áhrif á rekstrargetu félagsins og samkeppnismöguleika eða stofna efnahag þess í hættu, sjá nánar 3. mgr. 12. gr. laganna.*

#### **Reiknað tap (hreinn kostnaður)**

*Eins og fram kemur í umsókn þessari er reiknað tap félagsins vegna þeirra kvaða sem hvíla á félaginu, sbr. ákvörðun PFS nr. 13/2020, samtals 583.521.339 kr. Umrætt tap hefur verið tengt hreinum kostnaði félagsins við að þjónusta þá notendur eða notendahópa, sem eru skilgreindir sérstaklega í ákvörðun PFS nr. 13/2020, þ.e. á óvirkum markaðssvæðum.*

*Ef tekið er mið af ofangreindum tölum er það skoðun ÍSP að hreinn kostnaður félagsins vegna alþjónustu hafi í för með sér ósanngjarna byrði á fjárhag félagsins í skilningi 1. mgr. 12. gr. laga um pósthjónustu og að greiðsluskylda hafi stofnast af hendi ríkisins, sbr. 3. og 6. mgr. 12. gr. sömu laga.*

## 4. NIÐURSTAÐA BYGGÐASTOFNUNAR

### 4.1 ALMENNT

(47) Byggðastofnun hefur haft til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn ÍSP um sanngjarnt endurgjald vegna alþjónustu í pósti sem félagið veitir árið 2024 samkvæmt útnefningu, sbr. ákvarðanir PFS nr. 13/2020 og Byggðastofnunar nr. Á-14/2023 og telur að hafi í för með sér hreinan kostnað eins og gerð hefur verið grein fyrir í umsókn.

(48) Við verkið hefur verið fylgt verklagi sem mótað var í ákvörðunum PFS nr. 1/2021 og Byggðastofnunar Á-1/2022, sjá nánar kafla 5.13.2:

- Þann 15. nóvember (hvert ár) ber ÍSP að senda útreikninga félagsins á hreinum kostnaði vegna alþjónustu fyrir (yfirstandandi ár) til Byggðastofnunar, sem byggir á 9 mánaða uppgjöri félagsins fyrir árið, að viðbættri útkomuspá ársins, ásamt viðeigandi rökstuðningi.

Vill Byggðastofnun áréttta hér að magn, tekjur og kostnaður verði að vera rauntölur skv. 9 mánaða uppgjöri.

- *Kostnaðarlíkan ÍSP*
- *Útreikningur ÍSP á ávöxtunarkröfu*
- *Útreikningur ÍSP á hreinum kostnaði vegna blindrasendinga*
- *Útreikningur ÍSP á markaðsávinningi*
- *Öll vinnuskjöl vegna magntalna sem koma fram í kostnaðarlíkani*
- *Uppfærðar forsendur erfiðleikastuðla og svæðaskiptingar*
- *Þann 15. desember 2024, ákvörðun Byggðastofnunar um hreinan kostnað ÍSP af alþjónustu fyrir árið 2024 liggur fyrir*
- *Þann 25. janúar 2025, umsókn félagsins um endurgjald með rauntölum fyrir allt árið. Lágmarksfyllgiskjöl með umsókn eru eftirfarandi:*
  - *Greinargóður rökstuðningur á hreinum kostnaði og ósanngjarnri byrði hans á fjárhag félagsins*
  - *Útreikningar félagsins frá 15. nóvember uppfærðir með rauntölum fyrir allt rekstrarárið*
  - *Önnur gögn sem ÍSP telur viðeigandi fyrir Byggðastofnun að hafa við yfirferð umsóknar og sannprófun hreins kostnaðar*
    - *Þann 3. febrúar, ákvörðun ( leiðrétting ) Byggðastofnunar um hreinan kostnað ÍSP af alþjónustu fyrir árið (á undan) liggur fyrir.*

(49) Í samræmi við þetta sendi ÍSP þann 15. nóvember 2024, útreikninga félagsins sem byggðu á 9 mánaða uppgjöri ásamt áætluðum kostnaði síðustu þrjú mánuði ársins og viðeigandi rökstuðningi.

(50) Umsóknin er þannig komin fram innan tímamarka og er ítarlega rökstudd. Byggðastofnun hefur óskað eftir viðbótar upplýsingum og rökstuðningi varðandi tiltekin atriði en gerð verður grein fyrir einstökum liðum umsóknarinnar og afstöðu Byggðastofnunar til þeirra hér í framhaldinu.

(51) Byggðastofnun mun í þessari ákvörðun kveða á um endurgjald sem íslenska ríkinu ber að greiða ÍSP vegna þjónustu sem fyrirtækinu er skylt að veita samkvæmt útnefningu þess sem alþjónustuveitanda í pósthjónustu á yfirstandandi ári, sbr. umfjöllun í inngangi.

(52) Endurgjald samkvæmt ákvörðun þessari skal greitt til ÍSP þegar í stað og endanlegt uppgjör mun svo fara fram vegna ársins 2024 þegar uppgjör ársins liggur fyrir í lok janúar 2025, hvort sem er til hækkunar eða lækkunar.

## 4.2 UM DREIFINGU LANDPÓSTA OG DREIFINGU Á ÓVIRKUM MARKAÐSSVÆÐUM Í ÞÉTTBÝLI

(53) Byggðastofnun hefur yfirfarið útreikninga ÍSP í umsókn um framlag vegna dreifingar landpósta og dreifingar á óvirkum markaðssvæðum í þéttbýli. Útreikningarnir eru í samræmi við þá breytingu sem gerð var í ákvörðun Á-3/2023 þar sem kostnaði við flutning á landið var jafndreift á vörur utan og innan

alþjónustu. Þeir eru jafnframt í samræmi við þær breytingar sem voru gerðar á útnefningu ÍSP með ákvörðun Byggðastofnunar nr. Á-14/2023.

(54) Kostnaður vegna þessarar starfsemi ÍSP hefur hækkað, m.a. vegna fækkunar eininga innan dreifikerfis auk almennra kostnaðarhækkana og hækkunar verðlags. ÍSP hefur gert breytingar á úthlutun kostnaðar innan kostnaðarlíkans síns til að bregðast við þessum atriðum og telur líkanið nú endurspegla betur þann kostnað sem fyrirtækið hefur í raun af því að uppfylla alþjónustuskýldur sínar í hinum dreifðu byggðum.

(55) Breytingin á úthlutun kostnaðar innan kostnaðarlíkans ÍSP hefur m.a. leitt til þess að kostnaður félagsins vegna dreifingar á köldum svæðum er stærri hluti hreins kostnaðar en áður, sbr. ákvörðunarorð. Verð almennra bréfa (að 50. gr.) innan alþjónustu skal vera hið sama um allt land sbr. 2. mgr. 17. gr. laga um pósthjónustu. ÍSP er því ekki mögulegt að öllu leyti að bregðast við tekjufalli tengdu bréfadreifingu með hækkun verðs og sú staðreynd endurspeglar nú einnig betur í kostnaðarlíkani félagsins.

(56) Þær breytingar sem gerðar hafa verið á kostnaðarlíkani ÍSP hafa verið unnar í samráði og samvinnu við KPMG, sem setti líkanið saman fyrir ÍSP árið 2013, til þess að endurspegla rekstur félagsins með skýrari hætti. Rétt er að benda á að líkaninu hefur ekki verið breytt til að bregðast við fækkun bréfa síðan 2013 og uppsafnaður kostnaður vegna breytinganna töluverður sem kemur fram í þessari ákvörðun.

(57) Byggðastofnun hefur yfirfarið þær breytingar sem ráðist hefur verið í og tekur undir með ÍSP að kostnaðarlíkan félagsins nái nú betur að endurspegla rekstur félagsins og þá byrði sem kvaðir vegna alþjónustu leggja á reksturinn, en áður var.

#### 4.3 UM BLINDRASENDINGAR

(58) Í ákvörðun PFS nr. 13/2020 segir að ÍSP skuli veita pósthjónustu fyrir blinda og sjónskerta fyrir póstsendingar allt að 2 kg og að þessi tegund póstsendinga skuli vera gjaldfrjáls. ÍSP er heimilt að krefja íslenska ríkið um þann kostnað sem félagið hefur af því að veita ofangreinda þjónustu. Við útreikninga félagsins skal taka mið af fjölda þeirra póstsendinga sem að falla undir þá reglu laganna að vera gjaldfrjálsar.

(59) Í umsókn ÍSP er kostnaður við þessar sendingar metinn með því að margfalda fjölda blindrasendinga með kostnaði við bréf 50-2000g. Er þessi vöruflokkur notaður til viðmiðunar þar sem að nær allar blindrasendingar falla í þennan þyngdarflokk bréfa. Byggðastofnun gerir ekki athugasemd við útreikninga ÍSP vegna þessarar tilteknu kvaðar.

#### 4.4 UM MARKAÐSÁVINNING

(60) Byggðastofnun og áður PFS hafa mótað túlkun á hugtakinu 'Markaðsávinningur' sem sett er fram í 12. gr. laga um póstpjónustu. Í lögnum sjálfum er hugtakið skýrt sem jákvæð áhrif útnefningar á æviferilsáhrif, alnánd, ímynd og vörumerki þess fyrirtækis sem útnefnt er sem alþjónustuveitandi (e. *Enhancement of corporate reputation*).

(61) PFS og síðar Byggðastofnun hafa tekið mið af framkvæmd á EES svæðinu líkt og mælt er fyrir um í lögum um póstpjónustu og reiknað þennan óefnislega ávinning til verðmætis sem ákveðið hlutfall þess kostnaðar sem alþjónustuveitandi sannanlega eyðir í markaðsmál árlega. ÍSP hefur skilað útreikningum sem byggja á þeirri aðferðafræði og gerir Byggðastofnun ekki athugasemdir við þennan lið í umsókninni.

#### 4.5 UM HVATA TIL KOSTNAÐARHAGKVÆMNI

(62) Eins og kom fram í ákvörðun Byggðastofnunar Á-1/2022 telur stofnunin ekki rétt að gera afturvirka hagræðingarkröfu á ÍSP. Byggðastofnun telur að hagræðing í rekstri undanfarinna ára hjá ÍSP hafi verið umtalsverð og gerð er ítarleg grein fyrir henni í umsókn félagsins, sbr. kafla 3.5. Gert er ráð fyrir að félagið leiti áfram leiða til að veita þjónustu á sem hagkvæmasta hátt.

#### 4.6 UM ÁVÖXTUNARKRÖFU (RÉTT Á SANNGJÖRNUM HAGNAÐI)

(63) Í viðauka II við lög um póstpjónustu kemur fram að útreikningar alþjónustuveitanda vegna endurgjalds skuli fela í sér rétt á sanngjörnum hagnaði. PFS hefur notast við hugtakið ávöxtunarkrafa í ákvörðunum sínum þegar fjallað er um sanngjarnan hagnað og hefur ÍSP notast við sama orðalag í umsókn sinni.

(64) ÍSP hefur í samræmi við þetta reiknað ávöxtunarkröfu félagsins 4,26% þar sem miðað er við meðaltal áhættulausra vaxta 1,26% og 3% vaxtaálag og er niðurstaðan að fjárhæð ávöxtunarkröfu sé tæpar 24 milljónir króna. Byggðastofnun gerir ekki athugasemd við útreikningana.

#### 4.7 SAMANDREGIN NIÐURSTAÐA BYGGÐASTOFNUNAR

(65) Samkvæmt lögum um póstpjónustu nr. 98/2019 fjallar Byggðastofnun um umsókn útnefnds alþjónustuveitanda um endurgjald vegna veittrar alþjónustu sem talin er hafa í för með sér hreinan kostnað. Umsókn ÍSP barst innan tímamarka, í samræmi við verklag, og er ítarlega rökstudd.

(66) Byggðastofnun fellst á að veiting alþjónustu á óvirkum markaðssvæðum eins og þau eru skilgreind í ákvörðun PFS nr. 13/2020 og ákvörðun Byggðastofnunar nr. Á-14/2023 feli í sér hreinan kostnað í skilningi laga um póstpjónustu nr. 98/2019, og að alþjónustuveitandi geti sótt um endurgjald úr ríkissjóði vegna veitingar þessarar þjónustu árið 2024.

(67) Byggðastofnun hefur yfirfarið og sannprófað útreikninga ÍSP að öðru leyti og telur þá í samræmi við lög nr. 98/2019 um póstpjónustu.

(68) Hækkun kostnaðar við veitingu alþjónustu í póstpjónustu er alls ekki séríslenskt vandamál heldur fyrirséð þróun á póstmarkaði um alla Evrópu. Í stórum dráttum er búist við að bréfamagn haldi áfram að minnka mikið á meðan heildaraukning pakkamagns heldur áfram, mest vegna netverslunar. Gert er ráð fyrir að minnkað magn bréfa muni leiða til þrýstings á fjárhagslega sjálfbærni alþjónustunnar og til frekari rýrnunar á sendingartíðni og afhendingarhraða bréfa, auk verðhækkana. Sjá hér nánar skýrslu framkvæmdastjórnar ESB um framtíð póstmarkaðarins, birt í nóvember 2024.<sup>9</sup>

#### 4.8 UM ÓSANNGJARNA BYRÐI

(69) Eins og fram kemur í ákvörðun PFS nr. 13/2020 þarf, eftir að hinn hreini kostnaður liggur fyrir, að taka afstöðu til þess hvort hið út reiknaða tap sé ósanngjörn byrði á félaginu, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 98/2019.

(70) Í 3. mgr. sömu greinar segir að um ósanngjarna byrði í skilningi 1. mgr. sé að ræða þegar alþjónustukvöð á póstrekaða með almenna heimild um að veita tilteknum notendum eða notendahópum póstpjónustu eða veita hana á tilteknum svæðum leiðir til taps eða til aðstæðna sem ekki mundu skapast ef venjuleg viðskiptasjónarmið væru lögð til grundvallar. Tapið eða aðstæðurnar verða að teljast hafa verulega áhrif á rekstrargetu félagsins og samkeppnismöguleika eða stofna efnahag þess í hættu.

(71) Í umsókn sinni hefur Íslandspóstur sýnt fram á að alþjónustukvöð sú sem sett var á félagið með ákvörðun PFS nr. 13/2020 hefur í för með sér hreinan kostnað og verður ekki annað séð en að sá kostnaður sé ósanngjörn byrði á félaginu í skilningi 3. mgr. 12. gr. laga um póstpjónustu og muni hafa veruleg áhrif á rekstrargetu félagsins, samkeppnismöguleika og geti einnig stofnað efnahag þess í hættu (sé hann ekki bættur) og greiðsluskylda hefur því stofnast af hálfu ríkisins, sbr. 6. mgr. 12. gr. laga um póstpjónustu.

---

<sup>9</sup> European Commission: Directorate-General for Internal Market, Industry, Entrepreneurship and SMEs, Vencovsky, D., Njoroge, W., Dunkerley, F., Copping, D. et al., *Prospective study on the future of the postal sector – Final report*, Publications Office of the European Union, 2024, <https://data.europa.eu/doi/10.2873/0431952>

## 4.9 GREIÐSLUSKYLDA RÍKISINS

### 4.9.1 ALMENNT

(72) Samkvæmt 6. mgr. 12. gr. laga um pósthjónustu nr. 98/2019 skal greiða hreinan kostnað vegna alþjónustukvaðar úr ríkissjóði samkvæmt heimild í fjárlögum.

(73) Í 1. mgr. 12. gr. kemur fram að alþjónustuveitandi sækir um til Byggðastofnunar að honum verði með fjárframlögum tryggt sanngjarnt endurgjald fyrir þá starfsemi sem um ræðir. Lögin verða ekki skilin öðru vísi en að sanngjarnt endurgjald fáið með aðferðarfræði hreins kostnaðar eins og henni er lýst í viðauka II með lögum.

(74) Eins og kemur fram í ákvörðunarorðum er niðurstaða Byggðastofnunar að hreinn kostnaður ÍSP af alþjónustu fyrir árið 2024 sé samtals kr. 583.521.339,-

(75) Ríkissjóði Íslands, sem greiðandi þjónustunnar, sbr. 6. mgr. 12. gr. laga um pósthjónustu ber því að greiða ÍSP samtals kr. 583.521.339,-

## 5. UM HVORT FRAMLAGIÐ SÉ SAMRÝMANLEGT REGLUM UM RÍKISAÐSTOÐ

(76) Eins og fjallað er um í 4. kafla ákvörðunar PFS nr. 1/2021 hefur Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) gefið út leiðbeiningar um beitingu reglna um ríkisaðstoð gagnvart endurgjaldi sem greitt er fyrirtækjum fyrir að starfrækja þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu. Nauðsynlegt er því að kanna hvort umrætt endurgjald til ÍSP sé í samræmi við tilvitnaðar leiðbeiningar sem framkvæmdastjórnin hefur gefið út og birtar hafa verið hér á landi, í samræmi við ákvæði EES-samningsins. Í þessu sambandi er einnig rétt að hafa í huga lokamálslið B-hluta viðauka II með lögum um pósthjónustu þar sem vikið er að greiðslu endurgjaldsins, en þar segir:

*„Þar sem slíkar bætur fela í sér tilfærslu fjár skal tryggja að þær séu gerðar þannig að þær séu hlutlægar, gagnsæjar, án mismunar og hlutfallsbundnar. Þetta hefur í för með sér að tilfærslurnar valda, að því marki sem það er unnt, minnstu mögulegu röskun á samkeppni og eftirspurn.“*

(77) Samkvæmt orðanna hljóðan er þannig viðurkennt, í regluverkinu, að greiðsla endurgjalds vegna alþjónustu geti haft áhrif á samkeppni og þar með eftirspurn eftir þjónustu. Eftirlitsstjórnvaldinu (nú Byggðastofnun) ber hins vegar að gæta að því, eftir því sem unnt er, að mögulegar bætur hafi sem minnst áhrif á samkeppni og eftirspurn.

(78) Auk þess sem greiðsla endurgjaldsins þarf að vera í samræmi við áðurgreindar reglur og til komnar vegna þjónustu sem íslenska ríkið er skuldbundið til þess að veita í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar og ákveðið með lögum þarf hún að uppfylla skilyrði sem byggja á Altmark<sup>10</sup> dómnum, sem eru eftirfarandi:

*„Í fyrsta lagi verður það fyrirtæki sem fær greiðslurnar að hafa tilteknar skyldur sem flokkast undir almannaþjónustu og þær skyldur verða að vera nákvæmlega skilgreindar.*

*Í öðru lagi verða að vera til fyrir fram skilgreindar, hlutlægar og gagnsæjar reglur, sem bæturnar eru reiknaðar út frá.*

*Í þriðja lagi geta bæturnar ekki verið hærri en nauðsynlegt er til að standa straum af kostnaðinum við að rækja skyldurnar um opinbera þjónustu í heild eða að hluta til, að teknu tilliti til tekna ef um þær er að ræða og sanngjarns hagnaðar.*

*Í fjórða lagi að ef félagið sem veitir viðkomandi þjónustu er ekki valið samkvæmt reglum um opinber innkaup, verður að ákvarða hversu háar bæturnar eiga að vera á grundvelli greiningar á þeim kostnaði sem vel rekið fyrirtæki hefði stofnað til.”*

(79) Ef skilyrði dómsins eru talin uppfyllt verður ekki talið að greiðsla endurgjalds til alþjónustuveitanda feli í sér ríkisaðstoð.

(80) Í ákvörðun PFS nr. 1/2021 er fjallað ítarlega um hvert og eitt þessara skilyrða og vísast til þeirrar umfjöllunar hér.

(81) Það er mat Byggðastofnunar að endurgjald til ÍSP vegna alþjónustu sem byggir á aðferðafræði um hreinan kostnað uppfylli þau formskilyrði sem þarf að uppfylla um slíkt endurgjald samkvæmt Altmark dómnum.

(82) Af því leiðir að endurgjald til ÍSP vegna þeirra alþjónustuskyldna sem hvíla á félaginu samkvæmt útnefningu í ákvörðun PFS nr. 13/2020, er samrýmanlegt reglum EES- samningsins um ríkisaðstoð.

## Ákvörðunarorð

**1. Íslenska ríkið, sbr. 6. mgr. 12. gr. laga um pósthjónustu nr. 98/2019, skal greiða Íslandspósti ohf., kt. 701296-6139, kr. 583.521.339,- vegna hreins kostnaðar veittrar alþjónustu fyrir árið 2024, með fyrirvara um endanlegt uppgjör sem fara skal fram þegar rauntölur rekstrarársins 2024 liggja fyrir, í síðasta lagi 5. febrúar 2025.**

---

<sup>10</sup> Sjá nánar hér: <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX%3A62000CJ0280>



**2. Endurgjald, sbr. 1 tölulið, sundurliðast með eftirfarandi hætti:****A) Hreinn kostnaður:**

i. Vegna dreifingar með landpóstum,	kr. 354.609.160,-
ii. Vegna dreifingar á óvirkum markaðssvæðum,	kr. 99.121.326,-
iii. Vegna dreifingar á blindrasendingum,	kr. 16.275.405,-
iv. Ávöxtunarkrafa	kr. 23.842.326,-

**B) Áætlun okt – des 2024**

v. Hreinn kostnaður 4Q	kr. 115.785.680,-
------------------------	-------------------

**C) Eftirfarandi liðir koma til frádráttar:**

i. Markaðsávinningur,	kr. 26.112.558,-
-----------------------	------------------

**Til greiðslu:** kr. 583.521.339,-

4. Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 42. gr. laga nr. 98/2019. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Byggðastofnunar. Um meðferð kæru vegna ákvarðana Byggðastofnunar skulu gilda sömu málsmeðferðarreglur og kveðið er á um í 20. gr. laga nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu auk ákvæða reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Samkvæmt 4. mgr. 20. gr. laga nr. 75/2021 getur aðili einnig borið ákvörðun Byggðastofnunar beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málshöfðun frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.

Sauðárkrókur 13. desember 2024

---

Arnar Már Elíasson

---

Hjalti Árnason